



Reglur um styrkveitingar utan styrktarsamninga

1. Markmiðið með styrkjum er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.
2. Árlega ákveður sveitarstjórn upphæð innan fjárhagsáætlunar sem fer í styrkveitingar skv. styrktarsamningum og fyrir minni styrki.
3. Ef umsóknir um styrk eru yfir 100.000 kr. skal leita eftir styrktarsamningi við sveitarfélagið.
4. Hægt er að senda inn umsóknir um styrki að upphæð 100.000 kr. eða minna allt árið. Sótt er um á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem hægt er að finna inn á heimasíðu sveitarfélagsins.
Tvisvar á ári er farið yfir innsendar umsóknir en umsóknarfrestur fyrir umsóknir er:
 - a. 1. Febrúar
 - b. 1. September
5. Umsóknarfrestur skal auglýstur á vefsíðu sveitarfélagsins mánuði fyrir lok umsóknarfrests.
 - a. 1. Janúar
 - b. 1. Ágúst
6. Sveitarstjórn fer yfir umsóknir í febrúar og september og metur hvaða umsóknir munu vera samþykktar.
7. Sveitarstjórn úthlutar styrkjum út frá gögnum sem sýna fram á útlagðan kostnað.
 - a. 1. Mars
 - b. 1. Október

Samþykkt í Tómsunda-, íþróttá- og menningarnefnd 12.nóvember 2015

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 24.nóvember 2015